

## Ályktun um húsnæðis- og velferðarmál fyrir 6. þing SGS

Sterkt velferðarkerfi er órjúfanlegur hluti af kjörum vinnandi fólks. Tryggja verður að allir geti notið menntunar og heilbrigðis óháð tekjum eða búsetu. Opinber aðstoð og velferðar- og skattkerfi verða að taka mið af þessari grunnhugmyndafræði. Síðustu ár hefur aukinn hluti tekna vinnandi fólks farið í húsnæðiskostnað, kostnað við heilbrigðisþjónustu og skattur af lægstu tekjum hefur hækkað mest. Þessari þróun verður að snúa við.

Húsnæðisskortur hefur komið illa niður á vinnandi fólki og hvetur 6. þing Starfsgreinasamband Íslands Bjarg íbúðafélag til dáða í því mikla verkefni að byggja íbúðir á viðráðanlegu verði fyrir fólk með lágar tekjur. Stuðning hins opinbera við íbúðareigendur og -leigjendur verður að efla þar sem kostnaður almennings við húsnæði kemur illa niður á lífsgæðum og möguleikum til sjálfstæðrar búsetu. Þá verður að stemma stigu við svörtu hagkerfi húsnæðisleigu til ferðamanna.

6. þing Starfsgreinasambands Íslands haldið á Selfossi 11. – 12. október 2017 krefst þess að:

- Að barna- og húsnæðisbótakerfið verði stóreflt.
- Að gjaldtaka í heilbrigðiskerfinu verði afnumin, sálfræðiþjónusta og lyfjakostnaður lækkaður.
- Tryggja þarf heilbrigðisþjónustu allra óháð búsetu og efnahag.
- Að fólki sem þarf að sækja heilbrigðisþjónustu um langan veg verði tryggður aukinn veikindaréttur.
- Að skattkerfið verði nýtt til tekjujöfnunar.